22. Orðaleikir og þýðingar.
Úr Allers Fremmedordbog.

1 blað qto.

# Orðaleikir og þýðingar.

(úr Aller's Fremmed Ordbog)

Signa te, signa! temere me tangis et angis.

1-2-3-4-5-6-7- 8-9-10-11-12 13-14-15-16- 17-17 16 15-14- 13 12 11-10-9-8- 7-6- 5-4-3-2-1

Dansk Oversættelse: Kors dig og Kors dig atter! mig hverken rører eller ængster du! (Fremmed Ordbog, Pag. 644.)

Þannig voru til forna orðaleikir þeir, er munkarnir í klaustrunum gömlu voru að glíma við og stytta sér stundir með í frístundum sínum, og hittu þeir þá oft á ýmiskonar kringilyrði, er setja mátti saman svo, að þau höfðu sömu þýðingu, hvort sem þau voru lesin áfram eða afturábak. – Á íslenzku gæti þessi setning þýtt, í lauslegri þýðingu: Signdu þig og signdu þig svo oft sem þú vilt, því hvorki hryggir þú mig né hræðir með því. M.ö.o. Hvernig sem þú hristir þig og skekur framan í mig, hryggir þú mig hvorki né hræðir með látum þínum!

— · —

Forn-Grikkir höfðu ekki neitt Almanak, en það höfðu Rómverjar. Því sagði Suetonius, en hann var rómverskur: „Ad Calendas Graecas!" Vildi hann með þessu segja, að ef um greiðslu einhverrar skuldar væri að ræða, mætti setja gjalddagann samkv. gríska almanakinu, sem sé, að þá væri ekki um neinn gjalddaga að ræða: Skuldin félli þá aldrei í gjalddaga og greiddist aldrei! —

Sennilega mætti finna marga Íslendinga, sem í raun og veru setja greiðsludag skulda sinna samkvæmt „gríska almanakinu" og greiða þær því aldrei.

— · —

Aller's Fremmed Ordbog, Pag. 481. segir: „Kop, Fk. (islandsk Kopp(u)r), det bekendte Drikkekar" (!!). Eftir þessu að dæma – og að áliti Dana –, er (kl....) koppurinn hið venjulega drykkjar-ílát Íslendinga – „det bekendte" – Íslendingar þekkja ekki annað ílát, sem koppur heitir, en hlandkoppinn sinn! En það halda Danir að sé sama sem þeirra Kop = bolli. En sú nákvæmni!